



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Fjarðabyggð
Strandgötu 49
735 Eskifjörður

Reykjavík, 20. maí 2005
Tilvisun: UST20050500052/bs

Efnistaka í sjó á Reyðarfirði

Vísað er til bréfs Fjarðabyggðar dags. 13. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða efnistöku í sjó fyrir botni Reyðarfjarðar.

Áætlað er að taka um 130.000 m³ af efni á tveimur svæðum sunnan við vöruhöfnina á Reyðarfirði. Á nyrðra svæðinu sem er fast við hafnarsvæðið er áætlað að taka um 40.000 m³ af efni. Efnistaka á þessu svæði er að hluta til dýpkunaraðgerð til að rýmka um aðkomu að höfninni. Syðra efnistökusvæðið þar sem áætlað er að taka um 90.000 m³ er undan ósum Norðurár.


Fjarðarbyggð telur að fyrirhuguð efnistaka ógni ekki eða trufla fuglalíf, fiskgengd, né raski fjörunni eða hafi á annan hátt áhrif á umhverfi og lífríki. Ekki hafa farið fram rannsóknir á þeim svæðum sem staðfest geta þetta álit Fjarðabyggðar. Umhverfisstofnun telur að vegna nálægðar syðra efnistökusvæðisins við Norðurá verði fenginn hæfur aðili s.s. Náttúrustofa Austurlands til að kanna lífríki svæðisins og meta hugsanleg áhrif efnistökkunnar á svæðið og lífríki þess. Umhverfisstofnun mun ekki gefa umsögn um efnistöku á syðra svæðinu fyrr en kannaðar hafa verið aðstæður á fyrirhuguðu efnistökusvæði við Norðurá fyrr en niðurstöður þeirrar könnunar liggja fyrir.

Ætla má að nyrðra efnistökusvæðið sé raskað vegna framkvæmda og umferðar um Reyðarfjarðarhöfn. Þrátt fyrir það ætti að kanna aðstæður á fyrirhuguðu efnistökusvæði eins og kostur þannig að tryggt sé að aðstæður og áhrif efnistökkunnar verði með þeim hætti sem framkvæmdaraðili telur.

Æskilegt hefði verið að kanna hvort um mengun sé að ræða í því efni sem fyrirhugað er að dæla upp á nyrðara svæðinu í samræmi við það verklag sem tíðkast við meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku á nyrðra svæðinu við Reyðarfjarðarhöfn. Stofnunin mun hinsvegar ekki gefa umsögn um efnistöku á syðra svæðinu fyrr en að fengnu álitni hæfra aðila s.s. Náttúrustofu Austurlands.
Umhverfisstofnun telur að tilkynna eigi til Skipulagsstofnunar efnistöku af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson

Afrit: Skipulagsstofnun.


Helgi Jónsson